



7. nóvember 2023

Samantekt um umsagnir og breytingatillögur

Efni

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024. Þingskjal 2 – 2. mál á 154. löggjafarþingi 2023–2024.

Fjöldi umsagna

16.

Umsagnaraðilar

Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bílgreinasamband Íslands (BGS) og Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ), Brynja Leigufélag, Búseti, Félag atvinnurekenda (FA), Félagsbústaðir hf., Landssamtök lífeyrissjóða (LL), Landssamtökin Þroskahjálp, Landvernd, Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Vantrú, Viðistaðakirkja, Þjóðkirkjan og ÖBÍ réttindasamtök.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Eftirfarandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins og matvælaráðuneytisins við þeim umsögnum sem tilefni þykir til að bregðast við.

1. Verðlagsuppfærsla krónutöluskatta

Í umsögnum Bílgreinasambandsins og Samtaka verslunar og þjónustu, Félags atvinnurekenda, Samtaka ferðaþjónustunnar og ÖBÍ réttindasamtaka kemur fram gagnrýni á hækkun krónutöluskatta og er þeim áformum frumvarpsins mótmælt.

Í frumvarpinu er að finna tillögur um 3,5% hækkun á svokölluðum krónutölusköttum í samræmi við forsendur tekjuáætlunar fjárlagafrumvarpsins. Áætluð tólf mánaða breyting á vísitölu neysluverðs yfir árið 2023 er 7,4% samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar. Hins vegar er gert ráð fyrir að hækkun krónutöluskatta verði ekki meiri en sem nemur 3,5% og nær hún til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjaldi. Um er að ræða aðgerð stjórnvalda á tekjuhlíð ríkisfjármálanna sem miðar að því að vinna gegn þeirri spennu sem hefur myndast í hagkerfinu og um leið að styrkja tekjugrundvöll ríkissjóðs án þess að vera of íþyngjandi fyrir almenning. Þessi almennu áhrif eru talin vega þyngra gagnvart efnahagslegum stöðugleika en bein áhrif verðlagsuppfærslu krónutölugjalda á vísitölu neysluverðs. Auk áðurnefndrar 3,5% hækkunar gjalda er lögð til hækkun á lágmarki bifreiðagjalds sem lagt er á fólksbíla. Eins og fram kemur í frumvarpinu er þeirri aðgerð ætlað að styrkja tekjustofna ríkissjóðs af ökutækjum en á síðustu árum hafa þeir dregist saman vegna fjölgunar vistvænna og sparneytinna fólksbifreiða.

2. Tímabundin hækkun tekjuskatts lögaðila

Í umsögn Félags atvinnurekenda er gildið varhug við tímabundinni hækkun tekjuskatts lögaðila. Löng reynsla sé af því að ívilnandi aðgerðir í skattamálum séu tímabundnar, eins og t.d. lækkun tryggingagjalds í kjölfar heimsfaraldursins, en íþyngjandi hækkunir verði varanlegar. Slíkar aðgerðir dragi úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að tekjuskattur lögaðila hækki tímabundið til eins árs um 1 prósentustig og eru breytingarnar hluti af aðgerðum stjórnvalda til að draga úr þenslu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2025 vegna rekstrarhagnaðar ársins 2024 og falli að því loknu brott.

3. Gjald vegna reksturs umboðsmanns skuldara

Landssamtök lífeyrissjóða ítreka enn á ný í umsögn sinni það sem samtökin hafi áður ítrekað bent á að mjög lítill hluti mála sem eru til meðhöndlunar hjá umboðsmanni skuldara hafi tengsl við starfsemi lífeyrissjóða og langtum minni en það hlutfall í gjaldinu sem sjóðunum sé gert að greiða.

Vitneskja er um þá gagnrýni sem komið hefur frá gjaldskyldum aðilum um greiðslu sérstaks gjalds sem ætlað er að standa straum af kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara. Þess má geta að vinna við breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga sem m.a. snúa að starfsemi umboðsmanns skuldara stendur yfir í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Ekki er þó gert ráð fyrir að gjaldi vegna reksturs embættisins verði breytt að svo stöddu.

4. Endursala á vistvænum bifreiðum - útleiga á hreinorkubifreiðum – framlag til Orkusjóðs

Í umsögn Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) og sameiginlegri umsögn Bílgreinasambands Íslands (BGS) og Samtaka verslunar þjónustu (SVP) er m.a. fjallað um stuðning við orkuskipti og fyrirhugaðar breytingar vegna skattlagningar ökutækja og eldsneytis.

Í umsögn sinni fer SAF fram á að sá hluti ákvæðis til bráðabirgða XXIV í VSK-lögum sem kveður á um að ekki skuli innheimtur VSK-ur við endursölu á vistvænum bifreiðum, og fellur að óbreyttu úr gildi í lok árs 2023, verði framlengdur. Enn fremur fer SAF fram á að ákvæði til bráðabirgða XXXIX í VSK-lögum sem kveður á um að ekki skuli innheimta VSK við útleigu á hreinorkubifreiðum, og fellur að óbreyttu úr gildi í lok árs 2023, verði einnig framlengt um nokkur ár. Í umsögn SAF kemur fram að ökutækjaleigur séu einn stærsti kaupandi nýrra bifreiða hér á landi og vigta mjög þungt þegar kemur að orkuskiptum bílaflotans.

Ráðuneytið bendir á að VSK-ívilnunum í fyrrnefndum ákvæðum til bráðabirgða í VSK-lögum var frá upphafi ætlað að vera tímabundin aðgerð til að efla og flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum. Líkt og greinir í fjármálaáætlun 2024-2028 hefur nú þegar verið tekin ákvörðun um að frá og með árinu 2024 verði stuðningi við orkuskipti í samgöngum breytt í beina styrki í stað nügildandi skattaívilnana. Það hefur í för með sér að stuðningurinn færir af tekjuhlíð yfir á útgjaldahlíð ríkisrekstursins. Slíkt fyrirkomulag stuðlar að gagnsæi í ráðstöfun opinberra fjármuna auk þess að skapa meiri sveigjanleika en skattaívilnanir. Þannig verður hægt að aðlaga kerfið þannig að stuðningurinn verði ekki meiri en nauðsyn er á til að ná settum markmiðum. Enn fremur verður hægt að móta markvissara og kostnaðarskilvirkara stuðningsfyrirkomulag við orkuskipti í samgöngum og gera aðgerðina samburðarhæfari við aðrar innan aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Það samræmist því ekki gildandi stefnu stjórnvalda í orkuskiptum í samgöngum að viðhalda áfram skattaívilnunum í gegnum VSK-kerfið til handa ökutækjaleigum samhliða beinu styrkjakerfi. Ökutækjaleigur verða að vera undirorpnar beinum styrkjum líkt og aðrir og hefur Orkusjóður nú þegar á árinu 2023 styrkt ökutækjaleigur um 1 ma. kr. til kaupa á hreinorkubifreiðum, líkt og greinir í nefndarliti (þingskj. 699) og breytingartillögu meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrr árið 2023.

Í sameiginlegri umsögn BGS og SVP kemur fram að samtökin telja verulega á brattann að sækja ætli stjórnvöld sér að ná settu markmiði um samdrátt losunar frá vegasamgöngum. Vísað er til þess að í fjárlagafrumvarpinu sé boðað að stuðningur við vistvæna bifreiðar muni dragast saman um 35% á nafnverði milli árunna 2023 og 2024 við færslu hans af tekjuhlíð, í gegnum VSK-kerfið, yfir á útgjaldahlíð, í gegnum Orkusjóð. Fara samtökin fram á að fjárframlag til Orkusjóðs fyrir árið 2026 vegna hreinorkubifreiða, alls 5 ma. kr., verði skipt í tvo jafna hluta og flutt yfir á árin 2024 og 2025. Þannig að fjárframlag til Orkusjóðs fyrir árin 2024 og 2025 verði 10 ma. kr. fyrir í hvort ár í stað 7,5 ma. kr. eins og nú er lagt upp með.

Ráðuneytið bendir á að í fjármálaáætlun 2024-2028 kemur fram að verið sé að draga úr stuðningi við hreinorkubifreiðar enda hefur mikill árangur náðst í rafvæðingu flotans og framboð hagkvæmra bifreiða aukist síðustu misseri. Þróunin hefur verið í þessa átt. Á síðastliðnum tveimur árum hefur verið dregið úr stuðningnum, í fyrsta lagi þegar VSK-ívilnun vegna tengiltvinnbifreiða lauk í maí 2022 og í öðru lagi með lækkun á fjárhæð VSK-ívilnunar vegna hreinorkubifreiða um áramótin úr 1.560 þús.kr. í 1.320 þús.kr. á hvert ökutæki. Að áliti ráðuneytisins búa skynsamleg rök að baki því að dreifa framlögum til Orkusjóðs vegna hreinorkubifreiða yfir fimm ára tímabil líkt og gerð er grein fyrir á bls. 86 í fjármálaáætlun 2024-2028 og samtökin vísa til á bls. 27 í umsögn sinni. Dreifingin tekur mið af markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og er ætlað að tryggja markvissar og tiltölulegar jafnar styrkveitingar næstu fimm árin. Tillaga SAF myndi leiða til þess að styrkir yrðu umtalsvert hærri á fyrstu tveimur árunum, 2024 og 2025, en næstu tvö ár þar á eftir og að færri gætu notið styrkjanna þar sem tímabilið væri stytta úr fimm árum í fjögur.

5. Greiðsla kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármalastarfsemi og reksturs skilavalds

Landssamtök lífeyrissjóða áréttu í umsögn sinni að vaknað hafi spurningar eftir sameiningu Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands í eina stofnun sem snúi að almennum grundvelli álagningar

sérstaks eftirlitsgjalds. Annars vegar um það hvort almennt eigi að vera sérstakt eftirlitsgjald eftir sameininguna og hins vegar ef gjalddöku sé viðhaldið þá megi sýnt vera að hagræðing náist í rekstri sem ætti vitaskuld að birtast í umtalsverðri lækkun eftirlitsgjaldsins. Sú hafi hins vegar ekki enn orðið raunin. Hækkun eftirlitsgjaldsins taki til allra lífeyrissjóða landsins en sé þó mismikil eftir því hvaða sjóð um ræðir. Fram til þessa hafi það verið afar umdeilt meðal lífeyrissjóða hvernig gjaldið skiptist þeirra á milli. Ólík sýn lífeyrissjóða í þeim efnunum hafi komið fram í umsögnum þeirra um breytingar á lögum er tengist fjárlögum fyrri ára. Því sé mikilvægt að tryggð sé að skipting eftirlitsgjaldsins milli sjóða byggji á hlutlausri og vandaðri rýni sem lúti að því hvernig eðlilegt þyki að umræddri skiptingu sé háttað.

Þær breytingar á fjárhæðum og fyrirkomulagi eftirlitsgjaldsins sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024 eru að öllu leyti í samræmi við tillögur Seðlabankans til ráðuneytisins. Í rekstraráætlun sem bankinn sendi til ráðuneytisins, í samræmi við lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, kemur fram að þær skýrist af breytingum á áætluðum kostnaði, m.a. vegna almennra verðlagshækkana á árinu 2023, spá fyrir verðlags- og launapróun ársins 2024 og nauðsynlegum ráðningum á árinu 2023 til að mæta uppsafnaðri þörf vegna aukinna verkefna. Hækkun milli ára tekur einnig mið af því að unnt var að fjármagna um 109,1 millj. kr. af rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins 2023 með því að ganga á uppsafnaðan rekstrarafgang eftirlitsins, en þess verður ekki kostur 2024.

Eins og fram kemur í kafla 6.1 í greinargerð með frumvarpinu er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 miðað við að tekjur Fjármálaeftirlitsins og skilavaldsins af gjöldunum verði 3.090,5 millj. kr., og er það í samræmi við rekstraráætlun sem Seðlabanki Íslands sendi ráðuneytinu í byrjun þessa árs. Það er 112 millj. kr. minna en áætluð gjöld samkvæmt frumvarpi þessu en fjárhæðirnar í því byggjast á uppfærðri áætlun sem Seðlabankinn sendi ráðuneytinu um mitt þetta ár. Ráðgert er að misræmið milli frumvarps þessa og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2024 verði leiðrétt með breytingu á síðarnefnda frumvarpinu við 2. umræðu á Alþingi.

6. Sóknargjöld

Vantrú fagnar lækkun sóknargjalda og er almennt á móti sóknargjaldakerfinu. Samtökin telja að réttast væri að afnema þessi framlög úr ríkissjóði alfarið. Á móti væri hægt að lækka tekjuskatt eða hækka persónuafslátt svo að breytingin hefði ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og svo að þeir sem vilji styrkja trúfélög geti það. Í umsögn Þjóðkirkjunnar er skerðingu sóknargjalda mótmælt. Vísitala neysluverðs hafi hækkað um 7,7% síðustu 12 mánuði. Alls sé því lækkun sóknargjalda að raunvirði miðað við verðlag í dag u.þ.b. 15%. Í lok næsta árs gæti „kaupmáttur“ sóknargjaldsins hafa lækkað um u.þ.b. 20% ef núverandi spár um verðbólgu gangi eftir. Víðistaðakirkja fer í umsögn sinni fram á leiðréttingu sóknargjalda í fjárlögum ársins 2024 og að þau verði hækkuð að lágmarki samkvæmt vísitölu í umfjöllun Alþingis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ítrekar það sem fram kemur í svari við umsögnum sama efnis við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 á 153. löggjafarþingi 2022 – 2023, þingskjal 2 – 2. mál.

Hvað varðar fyrirkomulag sóknargjalda þá gera lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., ráð fyrir að ríkissjóður greiði mánaðarlegt framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga miðað við tiltekið einingarverð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri. Lögin kveða á um að greiðslur til þessara aðila skuli byggja á fjölda einstaklinga samkvæmt skráningu í trúfélög í lok undangengins árs auk þess sem fjárhæð gjaldsins skal taka breytingu sem nemur hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára. Þrátt fyrir að í lögum sé kveðið á um að framlagið sé ákveðin hlutdeild í tekjuskatti þá hefur sú framsetning þó ekki haft sérstaka þýðingu fyrir fyrirkomulag þessara mála þar sem engin sérgreind sóknargjöld eru innheimt af ríkinu, hvorki af þeim sem greiða tekjuskatt af almennu skattfé og öðrum tekjum ríkisins, óháð innheimtu tekjuskatts og kerfisbreytingum á honum. Þetta kemur m.a. fram í því að framlögin eru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir að umtalsverður hluti framteljenda greiði engan tekjuskatt til ríkisins.

Í kjölfar bankahrunsins og erfiðrar stöðu ríkissjóðs var með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum gripið inn í lögin um sóknargjöld með bráðabirgðaákvæðum þar sem krónutala sóknargjaldsins hefur verið fastsett árlega til samræmis við þær fjárheimildir sem gert er ráð fyrir að veita vegna sóknargjalda á fjárlögum hverju sinni samkvæmt útfærslu viðkomandi ráðuneytis á sínum útgjaldaramma að teknu tilliti til þeirra aðhaldsmarkmiða sem sett hafa verið. Sama fyrirkomulag er enn við lýði þ.e. að krónutala sóknargjaldsins ræðst af þeim fjárveitingum sem veittar eru á grundvelli fjárheimilda viðkomandi málefna sviðs og málaflokks í fjárlögum ár hvert.

Vakin er athygli á því að mjög veruleg aukning varð í framlögum vegna sóknargjalda allra trúfélaga á fyrstu tveimur áratugunum eftir að núgildandi lög voru sett, eða um 106% á föstu verðlagi á milli áranna

1988 og 2008. Þá má nefna að á verðlagi ársins 2023 námu heildarframlög vegna trúfélaga 112 milljörðum kr. frá árinu 1988 til ársins 2014. Á tilteknum hluta þessa tímabils þurftu stjórnvöld að standa fyrir miklu útgjaldaaðhaldi og lækkun framlaga til ríkisstofnana til að draga úr eða varna halla á ríkisrekstrinum, einkum vegna efnahagssamdráttar í upphafi níunda áratugar síðustu aldar og síðan í nokkru minni mæli árin 2002 og 2003. Þessi aukning framlaga til trúfélaga varð því umtalsvert meiri en átti almennt við um önnur rekstrarframlög til stjórnsýslustofnana ríkisins.

Í kjölfar hruns bankakerfisins haustið 2008 afréðu stjórnvöld, m.a. í ljósi þess að framlög til trúfélaga höfðu hækkað miklu meira en framlög til flestra almennra ríkisstofnana áratuginn á undan, að draga umtalsvert úr framlögum til trúfélaga og að fella á brott ákvæði um sérstök framlög til Háskóla Íslands vegna þeirra sem standa utan trúfélaga. Um var að ræða ákvarðanir um meiri aðhaldsaðgerðir á tilteknum liðum en öðrum, sem var hluti af forgangsröðun stjórnvalda, sbr. t.d. samdrátt í framlögum til samgönguframkvæmda, þróunaraðstoðar eða stjórnsýslunnar, enda var ekki beitt flötum niðurskurði í þessum ráðstöfunum ríkisstjórnar og Alþingis. Gert var ráð fyrir að þessar aðhaldsráðstafanir væru varanlegar eins og áþekkar hagræðingarkröfur sem gerðar hafa verið til ríkisstofnana og annarra aðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði.

Þegar þróun síðustu ára er skoðuð þá er ljóst að framlög til sóknargjalda hafa hækkað meira en viðmiðunarforsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Tímabundin framlög voru veitt til þjóðkirkjunnar til að mæta aðhaldskröfu sóknargjalda árin 2009-2012 sem námu 45 m.kr. árið 2013 og 100 m.kr. árið 2014. Árið 2015 voru viðbótarframlög veitt varanlega til sóknargjalda og 167 m.kr. fóru til þjóðkirkjunnar. Sama gerðist árið 2016 þegar árleg varanleg viðbótarframlög voru veitt til sóknargjalda og þá fóru 132,9 m.kr. til þjóðkirkjunnar.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2020 voru 150 m.kr. veittar varanlega í sóknargjöld. Það var gert samhliða miklum breytingum á fjármögnun á starfsemi þjóðkirkjunnar þegar gerður var viðbótarsamningur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2021 samþykkti Alþingi tímabundna hækkun sóknargjalda um 280 m.kr. til eins árs og féll sú hækkun niður árið eftir. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2022 samþykkti Alþingi aftur tímabundna hækkun sóknargjalda til eins árs og þá um 272,4 m.kr. og féll sú hækkun niður árið eftir. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2023 samþykkti Alþingi enn og aftur tímabundna hækkun sóknargjalds til eins árs og þá um 383,5 m.kr. sem nú er gert ráð fyrir að falli niður. Lækkun frá fyrra ári kemur því til af niðurfellingu þessarar tímabundnu hækkunar eins og stóð til.

Í lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, segir að gjald vegna einstaklings, sem skráður er í þjóðkirkjuna, greiðist til þess safnaðar sem hann tilheyrir og miðast við 1. desember næst á undan gjaldári. Við útreikning sóknargjalda á einstakling í tengslum við fjárlagavinnu að hausti þarf að áætla fjölda skráðra einstaklinga í þjóðkirkjuna þann 1. desember á liðandi ári. Ef áætlaður fjöldi er umfram raunfjölda þá er reiknað gjald of lágt á hvern einstakling og sóknirnar fá lægri heildarfjárframlög til sín miðað við raunfjölda. Eins ef áætlaður fjöldi er lægri en raunfjöldi þá er reiknað gjald of hátt á hvern einstakling og þá fara heildarfjárframlög til sókna umfram fjárheimild í fjárlögum. Alla jafna er fjárlagagerð langt á veg komin, jafnvel lokið, þegar upplýsingar um fjölda skráðra einstaklinga í þjóðkirkjuna þann 1. desember ár hvert eru birtar.

Í forsendum fjármálaáætlunar er gengið út frá því að aðhaldsmarkmið sé hluti af útgjaldaramma málefnasviða og að fagræðuneyti ákvarði hvernig því markmiði verði mætt í fjárlagagerðinni. Gerð er 2% almenn aðhaldskrafa á útgjaldahlið ríkissjóðs (utan undanskilinna liða) samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps 2024 auk 1% viðbótaraðhaldskröfu á ráðuneyti en skólar hljóta lægri aðhaldskröfur eða 0,5%. Engin aðhaldskrafa er gerð á heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, löggæsluembættin, fangelsi, dómstóla, bótakerfi og sjúkratryggingar. Auk almenns aðhalds eru gerðar sértækar aðhaldsráðstafanir í fjárlagafrumvarpi 2024 til að hægja á útgjaldavexti. Sóknargjöld heyra undir málefnasvið *10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála*. Málefnasviðið er ekki undanskilið almennri aðhaldskröfu ríkissjóðs og er það því á ábyrgð dómsmálaráðuneytis með hvaða hætti það útfærir aðhaldskröfu frumvarpsins á einstaka málaflokka innan málefnasviðsins og loks niður á einstakar stofnanir og verkefni fyrir fylgirit fjárlaga. Í tilviki sóknargjalda þá útfærði ráðuneytið 2% almenna aðhaldskröfu á þann lið fyrir árið 2024 auk 0,5% aðhalds á önnur gjöld með sértækum aðhaldsráðstöfunum.

Loks er rétt að benda á að þegar fjárframlög til þjóðkirkjunnar og þjónusta hennar eru skoðuð að hlutfall sóknargjalda sem fer til þjóðkirkjunnar ræðst af fjölda meðlima. Á undanförunum árum hefur hlutfall Íslendinga í þjóðkirkjunni lækkað. Skv. tölum Hagstofu Íslands voru 58,6% Íslendinga skráðir í þjóðkirkjuna í janúar 2023. Sambærilegt hlutfall var 80% árið 2008 og 90% árið 1998. Fjöldi þeirra sem eru í þjóðkirkjunni og ríkissjóður greiðir sóknargjöld vegna (einstaklingar 16 ára og eldri áður en gjaldár hefst) hefur farið lakkandi á liðnum áratug. Árið 1998 var þessi fjöldi einstaklinga 182 þúsund en fjöldi einstaklinga náði hámarki árið 2009 þegar þeir voru 196 þúsund. Síðan þá hefur heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem ríkissjóður greiðir sóknargjöld vegna í þjóðkirkjunni fækkað um 11 þúsund og voru 185 þúsund árið 2022.

7. Fiskeldisgjald

Landvernd styður hækku á fiskeldisgjaldi og telja jafnframt eðlilegt að hækka einnig fiskeldisgjald í b- og c-liðum 2. mgr. 2. gr. laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019, þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð á eldislaxi sé nú hátt. Ef til hruns á heimsmarkaðsverði á eldislaxi komi sé erfitt að hækka lægri prósentutölurnar í stórum stökkum og því betra að gera það nú þegar. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) leggja gegn boðuðum áformum um hækku auðlindagjalds á fiskeldi í sjó. Áformin séu bæði ótímabær og úr hófi. Hækku gjaldsins sé ekki í samræmi við niðurstöður í skýrslu Boston Consulting Group, sem unnin hafi verið fyrir matvælaráðuneytið, og skýrslu Ríkisendurskoðanda, ásamt því að samræmast ekki markmiðum ríkisstjórnarinnar sem fram komi í stjórnarsáttmála. Treysta þurfi samkeppnishæfni fiskeldis á Íslandi og búa svo um hnúta að atvinnugreinin geti til lengri tíma lagt mikilvæg lóð á vogarskálars hagsældar og áframhaldandi góðra lífskjara hér á landi. Tækfæri til verðmætasköpunar séu enda mikil í fiskeldi. Þess þurfi því sérstaklega að gæta að rekstrarskilyrði hér á landi séu samkeppnishæf og atvinnugreinin hafi svigrúm til fjárfestinga og uppbyggingar í hinum dreifðari byggðum landsins. Slík skilyrði leggi grunn að arðsemi í atvinnugreininni og tekjum til samfélagsins.

Rétt að geta þess að á vorþingi 2024 verður lagt fram heildarfrumvarp til laga um lagareldi. Í því frumvarpi er fyrirhugað að gera breytingar á gjaldhlutföllum hvers verðflokks. Telja verður ólíklegt að hrun verði á heimsmarkaðsverði á eldislaxi áður en frumvarpið verður lagt fram og því er talið rétt að biðja með breytingar á lægri gjaldhlutföllum þar til sú heildarendurskoðun fer fram.

Í skýrslu Boston Consulting Group er ítarlega farið yfir mikilvægi þess að styrkja rannsóknir og eftirlit þannig að sjókvíaeldi geti þróast á sjálfbærarn hátt. Ekki er lagt upp með að breyta sólarlagsákvæði laganna og því er enn verið að taka tillit til þess að sjókvíaeldi sé tiltölulega ný atvinnugrein í samanburði við samkeppnislönd s.s. Færeyjar og Noreg. Með nýlegum skatta- og gjaldabreytingum í þeim löndum í tengslum við sjókvíaeldi er Ísland með lægri skatta- og gjaldaumhverfi eða sambærilega. Ekki er talið líklegt að breytingin skaði samkeppnishæfni sjókvíaeldis á Íslandi þar sem mikil eftirspurn og áhugi er fyrir hendi til þess að stunda sjókvíaeldi á Íslandi. Þá má nefna að þegar sambærilegar tillögur voru lagðar til í fjárlagafrumvarpi haustið 2022, urðu á sama tíma mjög stór viðskipti með fyrirtæki í greininni, sem bendir til þess að markaðurinn telji samkeppnishæfni greinarinnar á Íslandi góða.

Þá skal þess getið að Ríkisendurskoðun kom með ábendingu þess efnis að tímabært sé að matvælaráðuneytið endurskoði lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Taka þurfi m.a. til athugunar ákvörðun og álagningu verðmætagjaldsins.

Ekki þykir tilefni til að bregðast sérstaklega við öðrum umsögnum um frumvarpið.

Breytingatillögur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leggur til tvær breytingatillögur við frumvarpið í samráði við matvælaráðuneytið með vísan til eftirfarandi skýringa:

1. Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993 (reglugerðarheimild).

Við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem falla utan samninga sem gerðir eru á grundvelli 1. mgr. 30. gr.

2. Breyting á búnaðarlögum nr. 70/1998 (reglugerðarheimild).

Við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem falla utan samninga skv. 3. gr.

Skýring:

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir aukningu upp á 198 milljónir króna til stuðnings innlendrar framleiðslu á korni til fôðurs og mannelis. Áætlað er að verja um tveimur milljörðum króna til verkefnisins á næstu fimm árum. Með vísan til þess er lagt til að bætt verði við búvörulögin og búnaðarlögin almennri heimild fyrir matvælaráðherra til að útfæra það hvernig framkvæmd skuli vera þegar tilfallandi styrkir og framlög eru veitt til einstakra verkefna, í samræmi við markmið laganna. Er því lagt til að annars vegar verði nýjum málslíð bætt við 2. mgr. 81. gr. búvörulaga þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja reglugerð um sérstök verkefni sem falla utan búvörusamninga og hins vegar að nýjum málslíð verði bætt við 1. mgr. 19. gr. búnaðarlaga þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja reglugerð um sérstök verkefni sem falla utan samnings sem kveðið er á um í 3. gr. búnaðarlaga.